

CanAm Iceland Hill Rally 2023
Reynihvammi 20
200 Kópavogur

Reykjavík, 12. desember 2022
UST202211-210/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi fyrir rallykeppni - Friðland að Fjallabaki

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn CanAm Iceland Hill Rally 2023, dagsett 25. nóvember 2022, um leyfi til að halda rallykeppni innan friðlandsins að Fjallabaki

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins er óheimilt að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins eru athafnir sem geta haft áhrif á friðlandið s.s. jarðrask, mengun vegna úrgangs eða fráveitna, áhrif á loftgæði, ásýnd svæðis eða hefur áhrif á umferð og/eða upplifun annara gesta er óheimil nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að halda rallykeppni innan friðlandsins á Fjallabaki þann 13. ágúst 2023. Keyrð verður ein sérleið sem munu fara að hluta til í gegnum friðlandið. Ekki er gert ráð fyrir þjónustusvæði fyrir keppnisbifreiðar eða annari aðstöðu innan friðlandsins. Vinna við að setja upp merkingar við keppnisleiðir mun hefjast 10 dögum fyrir keppni. Stikur verða settar niður við hættulega staði allt að viku áður en keppnin fer fram en merkingar verða festar á stikurnar 4-6 tímum áður en keppni hefst. Á gatnamótum verður starfsfólk sem mun beina keppendum rétta leið. Áætlað er að keppendum komi inn í friðlandið 7:15 og yfirgefi það kl 7:50. Umferð verður hleypt inn á vegina um leið og eftirfari hefur keyrt fram hjá. Bíll á vegum keppnishaldara mun keyra á eftir keppendum til að taka niður merkingar og raka yfir hjólför ef einhver eru. Að auki verður leiðinn keyrð næstu þrjá daga á eftir til að kanna hvort einhverjar merkingar hafi gleymst. Hámarksfjöldi keppnisbifreiða eru 30 auk þess sem keppnisstjórn mun verða á 4 bifreiðum innan friðlandsins. Allar bifreiðar verða útbúnar nákvæmu gps tæki til að sjá hvort bifreiðar séu að víkja út frá akstursleiðinni. Áætlað er að frágangi á svæðinu verði lokið í seinasta lagi miðvikudaginn 16. ágúst 2022. Ljósmyndarar og blaðamenn þurfa að tilkynna keppnishöldurum hvar þeir verða staðsettir.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Verkefnið getur þó haft áhrif á öræfakýrrð og upplifun gesta á svæðinu. Stór hluti leiðarinnar mun fara um fáfarin veg innan friðlandsins og ólíklegt að lokun hennar hafi mikil áhrif á gesti svæðisins. Líklegra er að akstur

eftir aðkomuleið að friðlandinu muni hafa meiri áhrif. Stór hluti hennar liggur þó utan friðlýsta svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir CanAm Iceland Hill Rally fyrir sitt leyti leyfi fyrir rallykeppni innan friðlandsins að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan 13. ágúst 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Stjórnendur rallykeppninar skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppninnar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda, hvernig staðið verður að lokunum og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal ekið eftir vegum í tenglum við keppnina. Heimilt er að leggja vélknúnum ökutækjum bílbreidd frá vegi ef það veldur ekki náttúruspjöllum eða slyshættu, þó þannig að samræmist ákvæðum umferðarlaga og fyrirmælum yfirvalda um umferðaröryggi sbr 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Fjarlægja skal öll ummerki um lagningu ökutækisins um leið og það yfirgefur svæðið.
- Þjónustubifreiðar verði ekki innan friðlandsins og að öll eldsneytistaka, dekkjaskipting o.fl. fari fram í samræmi við keppnisreglur.
- Afmá skal öll ummerki um keppnina og merkingar að henni lokinn.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Auglýsa skal rallykeppnina vel og upplýsa ferðþjónustuaðila sem eru með skipulagðar ferðir um svæðið og gesti á svæðinu um lokanir vega með sólahrings fyrirvara og taka merkingar niður um leið og keppni lýkur innan friðlýsta svæðisins. Merkingar skulu vera bæði í íslensku og ensku. Á merkingum þarf að koma fram tímasetning lokunar þ.e. hvenær hún hefst og hvenær henni líkur þann dag sem keppnin fer fram. Merkingar skulu vera við upphaf aðkomuleiða að svæðinu, í Landmannalaugum og Landmannahelli.
- Takmarka skal lokunartíma vega eins og kostur er.
- Stjórnendur og starfsmenn rallysins skulu vera í merktum fatnaði.
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á akstursleið til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri og jarðminjum.
- Upplýsa skal ljósmyndara og aðra sem koma á svæðið til að fylgjast með keppninni að óheimilt sé að keyra utan vega og vísa þeim á góða útsýnisstaði í samráði við landverði.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

- Búnaður til hreinsunar á olíu og öðrum mengandi efnum skal vera til staðar í öllum bílum svo hægt sé að bregðast strax við ef leki kemur upp.
- Fara skal vel yfir viðbragð gegn olíuleka með keppendum. Fari svo að olía eða aðrir mengandi vökvar leki frá bifreiðunum skal hún hreinsuð upp eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

Umhverfisstofnun mælist til þess að merkingar utan friðlandsins séu einnig fjarlægðar um leið og keppni líkur til að koma í veg fyrir villandi upplýsingagjöf til gesta svæðisins um lokun vega.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd varðar það mann sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef: a. hann framkvæmir eða aðhefst í heimildarleysi nokkuð það sem leyfis eða undanþágu er krafist til samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra, b. hann brýtur ákvæði ... 1) 1. mgr. 28. gr., 31. gr., 4. mgr. 38. gr., 62. gr., 71. gr. eða 72. gr. eða stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli þeirra.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Magnús Freyr Sigurkarlsson
svæðissérfræðingur